

Útbreiðsla veirusjúkdómsins *plasmacytosis* í villta minkastofninum

Róbert A. Stefánsson¹, Sigrún Bjarnadóttir¹, Páll Hersteinsson² og Eggert Gunnarsson³

¹Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur,

²Líffræðistofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík,

³Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum v/Vesturlandsveg, 112 Reykjavík

Sjúkdómurinn *plasmacytosis* er hægfara veirusýking sem fundist hefur í aliminkum víða um heim en ekki hefur tekist að finna lækningu við. Mörg dýr sýna aldrei einkenni sýkingar en sjúkdómurinn dregur verulega úr frjósemi annarra og leiðir smám saman til dauða þeirra. Árið 1970 voru minkar aftur fluttir til Íslands eftir langt hlé. Þeir reyndust smitaðir af *plasmacytosis* og olli sjúkdómurinn minkabændum þungum bú sífjum þar til honum var útrýmt af búum með niðurskurði á árunum 1983-1985. Rannsókn Karls Skírnissonar o.fl. (1990) á útbreiðslu sjúkdómsins á árunum 1986-1987 leiddi í ljós að hann fannst í villtum mink og hafði líklega borist þangað frá minkabúum. Sýkingartíðnin var á bilinu 2-25% eftir sýslum á norðan- og norðaustanverðu landinu frá Skagafirði austur á Hérað en engin smituð dýr fundust utan þess svæðis. Til að kanna smittíðni og útbreiðslu *plasmacytosis* í villtum mink 1-2 áratugum síðar söfnuðu höfundar minkahræjum frá veiðimönnum víða að af landinu á árunum 1997-2003. Rannsóknin stendur yfir en greind hafa verið blóðsýni úr 423 minkum og fannst mótefni gegn veirunni í blóði 62 minka úr 10 af þeim 20 sýslum sem sýni hafa verið prófuð úr. Eins og í fyrri rannsókninni fundust smituð dýr á Norður- og Norðausturlandi en sýkingartíðnin þar virtist hafa hækkað og var á bilinu 50-85% eftir sýslum. Þá virtist sem útbreiðslusvæðið hafi stækkað og fór sýkingartíðnin úr núll í 8% í S-Múlasýslu við jaðar fyrri útbreiðslusvæðis en smituð dýr fundust nú einnig langt utan þess og voru 22% dýranna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum smituð og 3% í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Áfram verður safnað sýnum víða að af landinu og áhersla lögð á þau svæði þar sem sýnafjöldi er lítill.